

Sérstakur sjóður sem styður þátttöku barna með fatlanir í íþróttá- og tómstundastarfi

1. Skrifstofa fræðslu- og frístundabjónustu heldur utan um sérstakan sjóð sem styrkir verkefni sem auka á virkni og þátttöku barna með fatlanir í Hafnarfirði í íþróttá- og tómstundastarfi með það að markmiði að auðvelda börnum með fatlanir að stunda íþróttir, viðhalda og bæta við færni sína og gefa þeim möguleika á aukinni félagsþátttöku.
2. Stjórn sjóðsins skipa fulltrúi skrifstofu fræðslu og frístundabjónustu, Linda H. Leifsdóttir, fulltrúi ÍBH Elísabet Ólafsdóttir og Guðbjörg Magnúsdóttir verkefnastjóra forvarna.
3. Á fjárhagsáætlun ársins 2017 er gert ráð fyrir að sjóðurinn fái 500.000 kr.
4. Styrkir úr sjóðnum skulu að jafnaði veittir í kjölfar afgreiðslu umsóknar. Stjórn sjóðsins gerir tillögur um fjölda styrkja og fjárhæð þeirra.
5. Auglýst skal eftir styrkjum að jafnaði (þrisvar á ári) í janúar, maí og október. Stjórn sjóðsins getur ákveðið að leggja áherslu á ákveðin svið innan málaflokksins hverju sinni og skal það koma fram í auglýsingunni
6. Sótt skal um styrki til Lindu H. Leifsdóttur fagstjóra frístundastarfs á skrifstofu fræðslu- og frístundabjónustu á netfangið lindah@hafnarfjordur.is s. 585 5760. Í umsókn skal koma fram almenn lýsing, fjárhæð sem sótt er um og hvert skal leggja styrkinn inn á og hvers vegna sótt er um styrkinn.
7. Stjórn sjóðsins er heimilt að óska eftir frekari upplýsingum
8. Styrkir skulu greiddast út í eftir samkomulagi við viðkomandi íþróttafélag en einungis íþróttafélög geta sótt um styrk.
9. Farið verður með allar umsóknir og afgreiðslur sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.
10. Reglur þessar gilda fyrir 2017

Allir íbúar á þjónustusvæði Hafnarfjarðar eiga rétt á þjónustunni að uppfylltum öðrum viðmiðum skv. reglum þessum.

Samþykkt í íþróttá- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar þann 2. maí 2017